

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið á Hornströndum

Verk- og tímaáætlun

2017

FORSENDUR

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er eitt af hlutverkum Umhverfisstofnunar að hafa umsjón með gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði.

Hornstrandir eru friðland skv. auglýsingu um friðland á Hornströndum, nr. 332/1985 í B-deild Stjórnartíðinda. Markmið friðlýsingar er m.a. að varðveita fjölbreytt og mikilfenglegt landslag með hrikalegum fjöllum, ýmsum berggerðum, giljum, ám, fossum, óshólmum, fjölskrúðugum gróðri og dýralífi, auk minja um forna búskaparhætti og atvinnusögu innan svæðisins.

Mörk svæðisins eru úr botni Hrafnarfjarðar um Skorarheiði í botn Furufjarðar. Mörkin fylgja Skorará frá ósi og í Skorarvatn. Þaðan liggja þau meðfram suðurströnd vatnsins, en síðan í beina línu úr suðausturluta þess og í upptök þeirrar kvíslar, sem næst er vatninu og fellur í Furufjarðarós. Miðast mörkin við hugsaða línu 200 m fyrir sunnan kvíslina og síðan á móta vegalengd sunnan Furufjarðaróss allt til sjávar í Furufjörð.

Forgangsröðun stjórnunar- og verndaráætlana er uppfærð reglulega og má sjá hana á vefsíðu Umhverfisstofnunar, www.umhverfisstofnun.is, undir „Forgangsröðun áætlana“. Friðlandið á Hornströndum eru þar ofarlega í forgangi.

ALMENNT UM VERKEFNIÐ

Í stefnumótun Umhverfisstofnunar um gerð stjórnunar- og verndaráætlana er lögð áhersla á samráð og samstarf. Þar er gert ráð fyrir að stjórnunar- og verndaráætlanir séu einfaldar og upplýsingar settar fram á auðskiljanlegan máta. Stjórnunar- og verndaráætlunin sjálf verður því ekki umfangsmikil og megináhersla verður lögð á gildi svæðisins, markmið verndunar, aðgerðir og verndarráðstafanir. Verða nánari upplýsingar um svæðið, rannsóknir og fylgigögn aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Gert er ráð fyrir að gildistími stjórnunar- og verndaráætlunarinnar verði 10 ár og að með henni fylgi aðgerðaáætlun til fimm ára. Að fimm árum liðnum verður aðgerðaáætlunin endurnýjuð og uppfærð. Stefnt er að því að gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar verði lokið í seinni hluta árs 2017.

Stjórnunar- og verndaráætlunum er alla jafna skipt í eftirfarandi kafla en þær eru þó staðfærðar og aðlagðar að þeim svæðum sem við á:

AÐGERÐAÁÆTLUN 20XX – 20XX**1. INNGANGUR**

- 1.1. Leiðarljós
- 1.2. Eignarhald og umsjón
- 1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi
- 1.4. Verndargildi og verndarflokkur

2. LÝSING Á SVÆÐINU

- 2.1. Mörk svæðanna
 - 2.1.1. Tengsl við grannsvæði
- 2.2. Náttúruminjar
 - 2.2.1. Jarðminjar
 - 2.2.2. Gróður
 - 2.2.3. Dýralíf
- 2.3. Menningarminjar
- 2.4. Landnotkun

- 2.4.1. Æðarvarp
- 2.4.2. Skógrækt
- 2.4.3. Veiðar
- 2.4.4. Kvikmyndataka og ljósmyndun
- 2.4.5. Ferðapjónusta og útivist
- 2.5. Aðgengi
- 2.6. Innviðir og mannvirki
 - 2.6.1. Landvarsla
 - 2.6.2. Byggingar
 - 2.6.3. Vegir og vegslóðar
 - 2.6.4. Stígar og gönguleiðir
 - 2.6.5. Skilti
 - 2.6.6. Sorp og sorpflokkun
- 2.7. Öryggismál
- 2.8. Fræðsla og kynning
- 2.9. Mönnuð og ómönnuð loftför
- 2.10. Rannsóknir og vöktun

3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR

- 3.1. Svæðisskipting
- 3.2. Náttúruminjar
- 3.3. Menningarminjar
- 3.4. Landnotkun
- 3.5. Aðgengi
- 3.6. Innviðir og mannvirki
- 3.7. Öryggismál
- 3.8. Fræðsla og kynning
- 3.9. Mönnuð og ómönnuð loftför
- 3.10. Rannsóknir og vöktun

VIÐAUKAR

UMSJÓN MEÐ VERKEFNINU

Verkefnastjórn og ritstýring stjórnunar- og verndaráætlunnar verður í höndum sérfræðings Umhverfisstofnunar, en í samstarfshópi um gerð stjórnunar- og verndaráætlunnar eiga einnig sæti fulltrúar Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps og fulltrúar Ísafjarðarbæjar, sem munu taka virkan þátt í gerð áætlunarinnar.

SAMRÁÐ OG UPPLÝSINGAGJÖF

Samráð og upplýsingagjöf er lykillinn að því að sátt skapist um stjórnunar- og verndaráætlanir. Helstu hagsmunaaðilar verða upplýstir um gerð áætlunarinnar og stefnt er að því að birta upplýsingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar um framgang vinnunnar. Samráð verður skipulagt í gegnum vinnuferlið og samráðsáætlun uppfærð reglulega sé þess þörf. Drög að stjórnunar- og verndaráætlun verður síðan auglýst til athugasemda fyrir almenning og gefst þá öllum kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir.

VERK- OG TÍMAÁÆTLUN

Gerð hefur verið verk- og tímaáætlun fyrir gerð stjórnunar- og verndaráætlun friðlands á Hornströndum. Meginþættir verkefnisins eru:

1. Undirbúningur
2. Lýsing á svæðinu
3. Stefnumótun, markmið og aðgerðir.
4. Greining á aðgerðum
5. Kynningarferli
6. Úrvinnsla athugasemda
7. Útgáfa

1. áfangi: Undirbúningur

Tími: desember 2016 - janúar 2017

- ✓ Skipun í samstarfshóp.
- ✓ Unnið verður að undirbúningi stjórnunar- og verndaráætlunar. Haldinn undirbúningsfundur með fulltrúa Ísafjarðarbæjar, fulltrúum landeigenda og fulltrúa Umhverfisstofnunar og lagðar línur fyrir áframhaldandi vinnu, með gerð samráðsáætlunar ásamt verk- og tímaáætlun.

Tími: febrúar 2017

- ✓ Bréf send til samráðsaðila sem tilgreindir eru á samráðsáætlun.

Afurð: Tilbúin verk- og tímaáætlun og samráðsáætlanir til birtingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

2. áfangi: Lýsing á svæðunum

Tími: febrúar – mars 2017

- ✓ Teknar verða saman bakgrunnslýsingar fyrir svæðin ásamt ítarefni til birtingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Meðal annars verður óskað eftir upplýsingum frá Minjastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofu Vestfjarða er varða náttúrufar, dýralíf og skráðar menningarminjar á svæðinu.
- ✓ Ítarefni til birtingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar tekið saman.

Afurð: Drög að 1. og 2. kafla stjórnunar- og verndaráætlunar auk ítarefnis.

3. áfangi: Stefnumótun, markmið og aðgerðir

Tími: mars - maí 2017

- ✓ Unnin drög að kortum eftir þörfum.
- ✓ Unnin drög að 3. kafla áætlanna.

4. áfangi: Greining á aðgerðum

Tími: maí 2017

- ✓ Unnin eru drög að aðgerðaráætlun fyrir svæðin.

5. áfangi: Kynningarferli

Tími: júní - júlí 2017

- ✓ Drög að stjórnunar- og verndaráætlun kynnt fyrir almenningi og öllum gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir. Kynningarferlið stendur í 6 vikur.
- ✓ Bréf send á samráðsaðila þar sem þeim er bent á að kynningarferlið er hafið.

6. áfangi: Úrvinnsla athugasemda

Tími: ágúst - nóvember 2017

- ✓ Unnið úr þeim athugasemdum sem berast í kynningarferlinu.
- ✓ Unnin greinargerð þar sem gert er greint fyrir athugasemdum sem bárust á kynningartíma og þeim svarað.
- ✓ Afgreiðsla stjórnunar- og verndaráætlunar hjá Umhverfisstofnun
- ✓ Lokafrágangur á áætlun og fylgiskjölum, prófarkalestur.

Afurð: Lokaútgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar.

7. áfangi: Útgáfa

Tími: Lok november 2017

- ✓ Stjórnunar- og verndaráætlun send umhverfis- og auðlindarráðherra til undirritunar.
- ✓ Stjórnunar- og verndaráætlun gefin út og birt á heimasíðu Umhverfisstofunar og Ísafjarðarbæjar.